

Skilmálar fyrir Pay

Pay er greiðslulausn sem dótturfélag Símans hf., Síminn Pay ehf., býður í formi Apps (snjallforrits) á Google Play og í Apple App Store.

1. Almenn

Með því að skrá þig sem notanda í Pay og staðfesta að þú hafir kynnt þér, skilið og samþykkt neðangreinda skilmála hefur þú undirgengist skilmála Símans Pay ehf., kt. 471103-2250, Ármúla 25, 108 Reykjavík, (hér eftir „Síminn Pay“ eða „við“), eins og þeir eru á hverjum tíma, og fela þeir í sér heildarsamning milli okkar og þín sem notanda, um notkun Pay (einnig vísað til sem „samningsins“).

Í skilmálum þessum er einnig vísað til lausnarinnar Pay sem „lausnarinnar“, „Pay“ og/eða „Appsins“. Notandi skal kynna sér vandlega skilmála þessa áður en stofnaður er aðgangur í Pay og er samþykki skilmálanna forsenda þess að notandi megi og geti notað lausnina. Óski notandi eftir hliðræðu afriti af skilmálum þessum skal notandi koma slíkri beiðni á framfæri við Símann Pay. Notandi er jafnframt hvattur til að vista afrit af þeim skilmálum sem hann samþykkir áður en hann byrjar að nota Pay.

Um ákveðnar þjónustur í Appinu kunna að gilda sérstakir skilmálar. Í þeim tilvikum sem slíkir skilmálar og þessir skilmálar stangast á skulu hinir sértæku skilmálar ganga fram.

Skilmálar Pay, eins og þeir eru hverju sinni, eru birtir á www.siminn.is og einnig aðgengilegir í gegnum Appið Pay. Leiðbeiningar um notkunarmöguleika lausnarinnar eru að finna á www.siminn.is/pay, m.a. um hvernig notandi getur nálgast greiðsluvittun eða greiðslusögu sína. Skilmálar þessir hafa ekki áhrif á þau gjöld og/eða kostnað sem notandi kann að þurfa greiða fjarskiptafélagi sínu, viðskiptabanka, kortaútgefanda sínum eða öðrum þriðju aðilum í tengslum við þjónustu umræddra aðila sem byggja á lausninni.

1.1. Skilyrði fyrir notkun Pay

Til þess að notandi geti notað lausnina Pay þarf hann að hafa:

- snjalltæki (snjallsíma eða lófatólvu) þar sem hann hefur hlaðið niður Pay úr App Store, eða Google Play,

- greiðslukort (debet- og/eða kreditkort) útgefið til handa notanda á Íslandi,
- farsímanúmer, og
- netfang

Við stofnun aðgangs í Appinu þarf notandi að skrá framangreindar upplýsingar í nýskráningarferli Pay, ásamt nafni sínu og kennitölu.

Notandi ábyrgist að upplýsingar sem skráðar eru í Appið séu alltaf réttar og varði hann sjálfan. Það er því alfarið á ábyrgð notanda að uppfæra upplýsingar um sig í Appinu þegar og ef þörf krefur.

Sérstök athygli er vakin á því að notanda er einungis heimilt að tengja eigin greiðslukort við lausnina. Notandi lausnarinnar og korthafi viðkomandi greiðslukorts/a skal því ávallt vera sami aðili.

Þrátt fyrir ofangreint getur annað átt við þegar um fyrirtækjakort er að ræða. Í þeim tilvikum getur notandi tengt greiðslukort lögaðila við lausnina. Það er hins vegar forsenda fyrir notkun á fyrirtækjakorti að forsvarsmaður lögaðila hafi sérstaklega samþykkt notkun á kortinu með virkjunarkóða. Hugtakið „notandi“ í skilmálum þessum skjal jafnframt eiga við um lögaðila þann sem er réttthafi fyrirtækjakortsins auk hins eiginlega notanda, eftir því sem við á.

Við áskiljum okkur rétt til að meina aðilum skráningu sem notanda í Pay ef við teljum slíka skráningu ekki þjóna viðskiptalegum hagsmunum okkar.

1.2. Aðgangur notanda

Aðgangur notanda að Pay skal aðeins vera notaður af honum sjálfum og er notanda óheimilt að deila aðgangsupplýsingum með þriðja aðila eða á annan hátt veita þriðja aðila aðgang að persónulegum aðgangi sínum að Pay. Notandi skal tryggja leynd aðgangsupplýsinga sinna og ber ábyrgð á hvers kyns tjóni sem kann að hljóta af því að aðgangsupplýsingar rati til þriðja aðila, hvort sem það er með vitneskju notanda eður ei.

Notandi sem auðkennir sig með réttu lykilorði, sbr. gr. 1.3., er álitinn réttur eigandi viðkomandi

notendaaðgangs að Pay og hefur einungis sá aðili heimild til að framkvæma aðgerðir á þeim notendaaðgangi í Pay. Notandi ber ávallt fulla ábyrgð á öllum aðgerðum sem staðfestar hafa verið með framangreindum hætti í Pay.

1.3. Nýskráning og auðkenning

Við nýskráningu ber notanda að auðkenna sig, annað hvort með rafrænum skilríkjum í lausninni eða með notkun kóða sem notandi fær sendan í netbanka sinn.

Að innskráningu lokinni skal notandi velja staðfestingarkóða (hér eftir „PIN-númer“) sem notandi skal nota til auðkenningar í hvert sinn sem hann greiðir með Pay.

Vegna öryggisástæðna skal notandi ekki hafa sama PIN-númer fyrir Pay og hann notar sem aðgangskóða til þess að aflæsa snjallsíma sinn. PIN-númerið skal heldur ekki vera það sama og fyrir skráð greiðslukort notanda í Pay.

Notandi getur jafnframt valið á eigin ábyrgð að auðkenna greiðslur í Pay með fingrafari, styðji snjalltæki notanda slíka auðkenningarleið. Notandi skal tryggja að aðeins hans fingrafar sé skráð í símtækinu vegna öryggisástæðna. Sé slík auðkenningarleið notuð er hún á ábyrgð notanda. Við notkun á fingrafari sem auðkenningarleið berast engar upplýsingar um fingrafarið til okkar.

Í þeim tilvikum sem við teljum þörf á, til eflingar öryggis lausnarinnar, kann notanda að vera skylt að auðkenna sig í fleiri tilvikum við notkun lausnarinnar.

1.4. Persónuvernd

Við skráningu í lausnina og notkun hennar verða til upplýsingar sem Síminn Pay safnar og tengjast notanda, þ. á. m. greiðslusaga notanda og greiðslukvittanir, sem og upplýsingar sem notandi skráir í lausnina, sbr. gr. 1.1. og 1.3. Þessar upplýsingar teljast til persónugreinanlegra upplýsinga í skilningi laga nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga („persónuverndarlög“). Áréttað er að greiðslukortaupplýsingar eru aldrei aðgengilegar okkur.

Í Persónuverndarstefnu Pay, sem aðgengileg er á vefsíðu www.siminn.is/pay og í Appinu, er að finna nánari upplýsingar um hvernig unnið er með þær upplýsingar sem safnast við skráningu í lausnina og notkun hennar. Persónuverndarstefna þessi skal teljast hluti af samningi þessum og skal notandi því

kynna sér hana vel áður en hann hefur notkun á lausninni.

Nánari upplýsingar um þær öryggisráðstafanir sem Síminn Pay notar til að vernda persónuupplýsingar notenda Pay eru að finna í gr. 6.

1.5. Kvittanir söluaðila

Í hvert sinn sem notandi greiðir fyrir vörur eða þjónustu með lausninni mun Síminn Pay óska eftir afriti af greiðslukvittun frá viðkomandi söluaðila í þeim tilgangi að geta birt notanda kvittunina í Pay.

Hafi notandi samþykkt það sérstaklega í Appinu getur hann einnig fengið greiðslukvittanir sínar birtar í Pay þótt hann hafi ekki notað Pay við framkvæmd greiðslu, svo lengi sem hann greiddi með greiðslukorti sem skráð er í Pay. Slíkt er einungis mögulegt þegar um greiðslu hjá söluaðila er að ræða sem býður upp á greiðsluúrræði Pay.

2. Notkun lausnarinnar

2.1. Notkunarmöguleikar

Með Pay getur notandi greitt fyrir vöru og/eða þjónustu á sölustað sem býður upp á greiðslur með Pay.

Hafi notandi skráð fleiri greiðslukort í Pay er það alfarið á ábyrgð notanda að gæta þess að velja rétt greiðslukort við hverja notkun á Pay.

Þegar notandi velur að greiða með Pay (t.d. til að greiða fyrir vöru eða þjónustu) er leitað eftir úttektarheimild fyrir upphæðinni hjá kortaútgefanda viðkomandi korts sem notandi hefur valið. Á framangreint bæði við um debet- og kreditkort. Kortaútgefandi metur hvort umbeðin úttekt sé heimiluð af greiðslukortinu. Hafni kortaútgefandi umbeðinni úttekt af greiðslukortinu er færslunni hafnað í Pay.

Þegar notandi hefur auðkennt og samþykkt greiðslu með Pay getur hann ekki afturkallað greiðsluna. Upplýsingar um greiðslusögu í Pay eru aðgengilegar notanda í Appinu meðan hann hefur virkan notendaaðgang.

2.2. Óheimil notkun

Notanda er með öllu óheimilt að nota Pay:

- til að áreita aðra notendur Pay eða þriðju aðila;
- til að ná í fjármuni af öðru greiðslukorti en sínu eigin, eða fyrirtækjakorti sem notandi hefur fengið rétt til að nota, eða til að ná í fjármuni eða færa fjármuni með

óheiðarlegum eða saknæmum hætti (eða aðstoða aðra við að gera slíkt);

- til að framkvæma aðgerðir sem brjóta gegn skilmálum þessum, lögum og/eða stjórnsýslufyrirmælum;
- til að eiga frumkvæði að, eða hafa milligöngu um, óumbeðin samskipti við einn eða fleiri notendur Pay (s.k. „spam“);
- til að falsa, brjóta, breyta, skemma, trufla eða á nokkurn annan hátt, að hafa áhrif á öryggi og öryggisþætti lausnarinnar í þeim tilgangi að skoða eða misnota upplýsingar sem eru notanda óviðkomandi. Verði notandi var við veikleika í öryggisþáttum ber honum að tilkynna okkur um það án tafar; og/eða
- til að brjóta gegn höfunda- eða hugverkarétti Símans Pay og/eða Símans; Verðum við vör við ofangreinda notkun á lausninni áskiljum við okkur rétt til að læsa fyrirvaralaust aðgangi viðkomandi notanda að Pay og rifta um leið samningi þessum, sbr. gr. 3. og 4.2. í skilmálum þessum.

2.3. Vildar- og meðlimakort söluaðila

Í gegnum Pay getur notandi sótt um og/eða virkjað vildar- og meðlimakort frá samstarfsaðilum okkar, og notið afsláttarkjara með notkun á lausninni.

Notkun á vildar- og meðlimakortunum er háð samþykki á skilmálum samstarfsaðila okkar sem eftir atvikum eru birtir, fyrir hönd samstarfsaðila, í lausninni.

Þegar notandi hefur skráð vildar- og/eða meðlimakort í lausnina getur hann notið þeirra afsláttarkjara sem viðkomandi söluaðilar veita með notkun á greiðslukortum þeim sem notandi hefur jafnframt skráð í lausnina.

Síminn Pay hefur enga aðkomu að því sambandi sem stofnast milli notanda og viðkomandi söluaðila hvað varðar notkun á vildar- eða meðlimakorti þess síðarnefnda, að öðru leyti en að hafa milligöngu hvað varðar umsókn um skráningu og/eða virkjun á kortinu.

Söluaðili hefur þannig t.a.m. ákvörðunarvald yfir því hvort/hvaða afsláttarkjör skuli veita notanda á grundvelli kortsins, hvernig nota má kortið o.s.frv. Þá ber söluaðili alfarið ábyrgð gagnvart notanda komi upp ágreiningur um afsláttarkjör og virkjun á slíkum kjörum, þ.á m. hjá söluaðila og eftir atvikum þriðju aðilum.

Um vinnslu Símans Pay á persónuupplýsingum notanda fyrir hönd söluaðila vísast í Persónuverndarstefnu Pay auk þess sem vísað er í persónuverndarstefnu söluaðila.

2.4. Tilboðsgátt samstarfsaðila

Í gegnum Pay getur notandi valið um að virkja afslætti og/eða tilboð frá samstarfsaðilum okkar á vörum/þjónustu samstarfsaðila og/eða þriðja aðila. Virkjun tilboða/afsláttar er háð samþykki á skilmálum viðkomandi samstarfsaðila.

Síminn Pay hefur enga aðkomu að því sambandi sem stofnast milli notanda og viðkomandi samstarfsaðila og mögulega þriðja aðila hvað varðar notkun á afsláttarkjörum/tilboðum í tilboðsgáttinni. Hlutverk Símans Pay er aðeins að hafa milligöngu hvað varðar birtingu á umræddum afsláttum/tilboðum, að halda utan um hvaða notendur hafa virkjað hvaða afslætti/tilboð, og að senda markaðsskilaboð til notenda í gegnum appið (e. push notification) samkvæmt fyrirmælum samstarfsaðila.

Samstarfsaðili hefur alfarið ákvörðunarvald yfir því hvort og hvaða afsláttarkjör eða tilboð eru í boði á hverjum tíma og hvort slíkir afslættir/tilboð eru háð einhverjum skilyrðum. Þá ber viðkomandi samstarfsaðili alfarið ábyrgð gagnvart notanda komi upp ágreiningur um afsláttarkjör og virkjun á slíkum kjörum.

Í þeim tilvikum þar sem afsláttarkjör/tilboð eru háð sérstöku skilyrði, t.d. að tilboð sé einungis í boði fyrir viðskiptavinum samstarfsaðila, kann samstarfsaðili að fela Símanum Pay að sannreyna hvort notandi Pay uppfylli slík skilyrði í samstarfi við viðkomandi samstarfsaðila.

Um vinnslu Símans Pay á persónuupplýsingum notanda fyrir hönd samstarfsaðila vísast í Persónuverndarstefnu Pay auk þess sem vísað er í persónuverndarstefnu samstarfsaðila.

2.5. Bílastæðavirkni Pay

Í gegnum Pay getur notandi valið um að virkja sérstaka gátt til að geta skráð ökutæki í og úr gjaldskyldu bílastæði og um leið greitt fyrir bílastæðið með Pay. Virkjun bílastæðagáttarinnar er háð samþykki á skilmálum þeirrar gáttar.

Nánari upplýsingar um virknina, þ.m.t. varðandi notkun og greiðslur fyrir gjaldskyld bílastæði, eru að finna í skilmálum bílastæðavirkinnar í Appinu.

Um vinnslu Símans Pay á persónuupplýsingum notanda í tengslum við bílastæðavirknina vísast

einnig til skilmála bílastæðavirkinnar í Appinu. Vakin er athygli á því að Símanum Pay kunni að koma fram sem sameiginlegur ábyrgðaraðili vegna vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við gjaldskyld stæði, ásamt viðkomandi innheimtuaðila gjaldskyldra bílastæða, eins og nánar er lýst í skilmálunum.

3. Læsing aðgangs

Síminn Pay áskilur sér rétt til að læsa aðgangi notanda að Pay án fyrirvara í eftirfarandi tilvikum, ef:

- notandi óskar eftir því símleiðis í síma 800-7000 (t.d. ef snjalltæki notanda hefur týnst eða ef grunur eru uppi um að þriðji aðili hafi komist yfir aðgangsupplýsingar notanda),
- greiðslukorti notanda, sem skráð eru í Pay, hefur verið lokað,
- notandi notar Pay með óheimilum hætti, sbr. gr. 2.2., eða aðstoðar aðra við að gera slíkt,
- grunur er uppi, að mati okkar, um að aðgangur notanda sé notaður með saknæmum hætti, hvort sem það er af óviðkomandi aðila eða notanda sjálfum,
- aðrar ótilgreindar ástæður eru fyrir hendi sem við teljum nægjanlegar til að læsa aðgangi í þeim tilgangi að vernda öryggi notanda, annarra notenda og/eða Appsins,
- okkur er það skylt samkvæmt lögum eða fyrirmælum stjórnvalda eða dómstóla.

Við læsingu á aðgangi reynum við að tilkynna notanda um læsinguna við fyrsta tækifæri, annað hvort áður eða strax eftir að aðgangur hefur verið læstur. Í tilkynningu frá okkur er upplýst um ástæðu og tímasetningu læsingar, nema óheimilt sé skv. lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum að veita slíkar upplýsingar. Við áskiljum okkur þó rétt til að tilkynna ekki um ástæður læsingar ef við teljum slíkar upplýsingar geta stefnt öryggi Pay eða aðgangi notandans eða annarra notenda í hættu.

Læsing aðgangs felur ekki í sér uppsögn/riftun samnings af hálfu okkar, sbr. gr. 4, nema slíkt sé sérstaklega tekið fram.

Upplýsingar um notanda, þ. á m. greiðslusaga hans og greiðslukvittanir, varðveitast áfram í Appinu þrátt fyrir að aðgangi hans hafi verið læst, þar til samningi er sagt upp eða rift, sbr. gr. 4 og Persónuverndarstefnu Pay.

4. Uppsögn samnings og lokun aðgangs

Aðgangi notanda að Pay verður ekki lokað nema með uppsögn eða riftun þessa samnings. Vakin er athygli á því að læsing aðgangs, sbr. gr. 3, hefur ekki í för með sér uppsögn samnings og lokun aðgangs.

4.1. Uppsögn af hálfu notanda

Notandi getur lokað aðgangi sínum að Pay hvenær sem er, með því að eyða aðgangi sínum í Appinu (undir flípanum „Eyða aðgangi“). Með því að eyða aðgangi í Appinu er notandi um leið að segja upp samningi þessum. Uppsögn notanda tekur gildi strax.

Hafi snjalltæki notanda týnst eða verið stolið getur notandi tilkynnt okkur um uppsögn í Netspjalli Símans á siminn.is eða haft samband í síma 800-7000.

Hafi notandi sagt upp fjarskiptaþjónustu hjá sínu fjarskiptafyrirtæki hefur það ekki í för með sér uppsögn á Pay.

Vakin er athygli á að eyðing Appsins Pay úr snjalltæki notanda felur ekki í sér uppsögn á samningi þessum eða eyðingu á aðgangi notandans.

Ef notandi eyðir aðgangi sínum í Appinu og segir þar með upp samningi þessum mun hann ekki lengur geta nýtt sér lausnina Pay.

4.2. Uppsögn af hálfu Símans Pay

Við getum sagt upp samningi þessum við notanda hvenær sem er með eins mánaðar fyrirvara. Skál slík uppsögn berast notanda skriflega, svo sem með tölvupósti. Við þurfum ekki að tilgreina ástæðu uppsagnar, en einkum gæti uppsögn átt sér stað ef notandi brýtur gegn skilmálum Pay eða öðrum viðeigandi skilmálum okkar, stofnar öryggi Pay í hættu eða fylgir ekki fyrirmælum okkar.

Að uppsagnarfresti liðnum lokast sjálfkrafa aðgangur notanda að Pay.

4.3. Riftun samnings

Við áskiljum okkur rétt til að rifta samningnum án fyrirvara og þar með eyða aðgangi notanda fyrirvaralaust, ef eitthvert neðangreindra skilyrða á við:

- notandi fer ekki eftir skilmálum þessum, lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum við notkun á Pay,

- notandi fer ekki að fyrirmælum okkar við notkun Pay,
- notandi hefur í frammi ógnandi hegðun gagnvart starfsfólki okkar, Símans eða öðrum notendum Pay,
- ef okkur er það skylt skv. fyrirmælum frá stjórnvöldum eða dómstólum.

4.4. Áhrif uppsagnar/riftunar

Um varðveislu upplýsinga um notanda og greiðslusögu hans fer skv. gr. 5 í Persónuverndarstefnu Pay. Ópersónugreinanleg gögn um notkun notanda á lausninni varðveitast áfram ótímabundið.

Hafi Síminn Pay rift samningi við notanda vegna athæfis sem varðar við lög eða stjórnvaldsfyrirmæli áskilur Síminn Pay sér rétt til að leita réttar síns eða kæra viðkomandi til lögreglu. Slíkur réttur skal einnig vera til staðar vakni grunur um saknæma háttsemi jafnvel þó svo að Síminn Pay ákveði að rifta ekki samningi við notanda.

5. Ábyrgð

5.1. Ábyrgð notanda

Öll notkun Pay er á ábyrgð notanda.

Notandi ber ábyrgð á aðgangsupplýsingum sínum að Pay og öryggi þeirra, sbr. gr. 6. Hið sama á við um greiðslukortaupplýsingar sem hann skráir í Pay. Ber honum að koma í veg fyrir að óviðkomandi aðili komist yfir snjalltæki hans (sem tengt er Pay) og aðgangsupplýsingar hans.

Hafi snjalltæki notanda týnst eða verið stolið ber notandi ábyrgð á því að biðja okkur um að læsa aðgangi sínum, sbr. gr. 3.

Notandi ber ábyrgð á því að næg heimild/innistæða sé á greiðslukorti þegar hann framkvæmir greiðslu með Pay.

Notandi viðurkennir og samþykkir með skilmálum þessum að allar greiðslur eru óafturkræfar ef auðkenni notanda hefur verið notað til staðfestingar í Pay.

Notandi ber ábyrgð á að fylgjast með greiðslusögu sinni á Pay í Appinu. Telji notandi að greiðsla hafi átt sér stað án hans heimildar og/eða án auðkenningar í Pay ber honum að tilkynna okkur slíkt án tafar. Það sama á við verði notandi var við aðrar óeðlilegar hreyfingar á aðgangi sínum. Tilkynning skal senda Símanum í Netspjalli Símans á siminn.is.

5.2. Ábyrgð Símans Pay

Komi í ljós galli í lausninni, sem veruleg áhrif hefur á virkni lausnarinnar, ber Símanum Pay að lagfæra hann sé slíkt mögulegt.

Verði notandi fyrir tjóni í tengslum við notkun lausnarinnar ber Síminn Pay enga ábyrgð á slíku tjóni megi rekja það til vanrækslu notanda eða brota hans á skilmálum þessum. Það sama á við hafi notandi notað lausnina með saknæmum eða ólögumætum hætti eða hafi notandi veitt þriðja aðila aðgang að Pay.

Síminn Pay ber ekki ábyrgð á að vinnsla í lausninni stöðvist tímabundið. Þá ber Síminn Pay enga ábyrgð á þeim vörum/þjónustu sem notandi greiðir fyrir með Pay, þeirri færsluhirðingu sem á sér stað í tengslum við notkun Pay, réttlæka þeirra gagna sem berast frá söluaðila, eða annarra atvika sem tengjast þjónustu þriðju aðila eða atriðum sem notandi lausnarinnar ber sjálfur ábyrgð á samkvæmt skilmálum þessum. Það sama á við um ábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis eða rofa á fjarskiptum.

Síminn Pay ber í engu tilviki ábyrgð á öðru en beinu tjóni notanda. Þannig ber Síminn Pay ekki ábyrgð á rekstrartapi notanda og/eða þriðja aðila, né heldur afleiddu tjóni slíkra aðila, þ.m.t. glötuðum ágóða eða ráðgerðum sparnaði, hvort sem tjónið er rakið til galla, skemmda eða eyðileggingar á lausninni eða til annarra ástæðna, jafnvel þó að Símanum Pay hafi verið tilkynnt um möguleikann á slíku tjóni.

Í öllum tilvikum skal ábyrgð Símans Pay, þ.á.m. vegna hvers konar mistaka, villna, vanrækslu (svo sem í tengslum við öryggisráðstafanir), truflana, tafa, tjóns eða galla á lausninni, takmarkast við kr. 200.000, að því marki sem heimilt er á grundvelli ófrávíkjanlegra laga.

Ef Síminn Pay getur ekki uppfyllt skyldur sínar vegna neyðarréttarlegra eða óviðráðanlegra atvika (force majeure) falla skuldbindingar hans, þ.m.t. möguleg bótaábyrgð, niður á meðan slíkt ástand varir.

6. Öryggi Pay

6.1. Öryggisráðstafanir á ábyrgð notanda

Notandi ber ábyrgð á að gæta öryggis aðgangsupplýsinga sinna að Pay, svo sem PIN-númeri sínu. Notandi skal eftir fremsta megni reyna koma í veg fyrir misnotkun á aðgangi hans að Pay, t.d. með því að veita aldrei þriðja aðila aðgang að snjalltæki sínu þar sem Pay er aðgengilegt eða með

Því að læsa snjalltæki með kóða eða takkalæsingum. Notandi á ekki að upplýsa aðra um slíka aðgangskóða. Grúni notanda að aðgangsupplýsingum hans, t.d. PIN-númeri, hafi verið stolið eða þær notaðar í leyfisleysi af þriðja aðila, ber notanda að breyta PIN-númeri sínu án tafar og hafa samband við okkur. Ef símtækið, sem notandi hefur til umráða til að nýta Pay, tapast eða er stolið ber notanda að læsa aðgangi sínum með því að tilkynna atvikið til okkar um leið, sbr. gr. 3.

Greiðsla, sem framkvæmd hefur verið með Pay og sem hefur verið auðkennd með réttum upplýsingum frá notanda, telst gild og samþykkt af notanda. Ef annar aðili hefur aðgang að þessum upplýsingum og tekst að komast í gegnum auðkennis- og öryggisathugun að aðgangi notanda, áskilur Síminn Pay sér rétt til að líta svo á að greiðslur sem kunna að vera framkvæmdar með Pay séu samþykktar af notanda og ábyrgist félagið ekki tjón sem af þeim hlýst.

6.2. Öryggisráðstafanir Símans Pay

Teljum við að gögn og upplýsingar bendi til þess að greiðsla, sem notandi hefur tilkynnt sem ranga, hafi í raun verið samþykkt og staðfest af notanda eða með réttum öryggisupplýsingum notanda, áskiljum við okkur rétt til að bakfæra leiðréttingu sem kann að hafa farið fram á grundvelli tilkynningar notanda um meinta óheimila greiðslu.

Einnig kann aðgangi notanda að Pay að verða læst tímabundið, ef við teljum ástæðu til, svo sem ef við teljum vafa leika á auðkenningu notanda. Hið sama á við um notkunarmöguleika notanda í Appinu. Við gætum öryggis Pay með m.a. eftirfarandi ráðstöfunum:

- ekki eru vistaðar eða aðgengilegar greiðslukortaupplýsingar notanda hjá okkur,
- öll samskipti í Pay eru dulkóðuð,
- allar upplýsingar um notendur Pay og notkun þeirra í Appinu eru varðveittar í öruggu hýsingarumhverfi hjá vinnsluaðila Pay sem vottað er skv. upplýsingaöryggisstaðlinum ISO 27001, og
- upplýsingar um notanda verða ekki afhentar eða unnar af þriðja aðila nema skv. skýrri lagaheimild, ákvörðun stjórnvalda eða dómstóla, á grundvelli undirritaðs vinnslusamnings eða með samþykki notanda, sbr. einnig Persónuverndarstefnu Pay.

7. Kostnaður

Lausnin er veitt notendum Pay að kostnaðarlausu og er ekkert skráningargjald, mánaðar- eða árgjald gjaldfært vegna notkunar á Pay Appinu. Engin þóknun er gjaldfærð þegar greiðsla er framkvæmd með Pay.

Notandi ber eftir sem áður ábyrgð á greiðslu gjalda vegna fjarskiptabjónustu sem hann kaupir frá sínu fjarskiptafélagi vegna notkunar á snjalltæki sínu, t.d. notkun á gagnamagni. Hið sama á við um gjöld sem viðskiptabanki, kortaútgjafandi eða færsluhirðir notanda kann að gjaldfæra notanda um vegna bjónustu sem þessir aðilar veita honum, t.d. vegna notkunar á greiðslukorti notanda sem skráð er í Pay.

8. Höfunda- og hugverkaréttur

Samningur þessi hefur ekki í för með sér neins konar yfirfærslu á höfunda- eða hugverkarétti frá Símanum Pay eða Símanum til notanda.

Allt innihald Appsins og vefsvæðis er í eigu Símans Pay eða Símans, þar með talið vörumerkið Pay, texti, hönnun, grafík, ljósmyndir, myndir og ritstýrt efni er varið höfundarétti. Notanda er einungis heimilt að nýta sér upplýsingar eða efni af vefsíðu Símans eða Appinu Pay til persónulegra nota í samræmi við skilmála þessa.

Dreifing, fjölföldun eða endurútgáfa af höfundavörðu efni Símans Pay eða Símans er með öllu óheimil.

9. Breytingar

9.1. Tæknilegar breytingar eða uppfærslur

Við áskiljum okkur rétt til að gera tæknilegar breytingar eða uppfærslur á Pay þegar þörf krefur, þ.á m. til að bæta lausnina. Munum við tilkynna notendum um slíkar breytingar í þeim tilvikum sem þær gætu haft áhrif á notkun á Pay eftir því sem unnt er. Munu tilkynningar birtast á vefsíðu Pay (www.siminnpay.is).

9.2. Breytingar á skilmálum Pay

Við áskiljum okkur rétt til að uppfæra skilmála þessa. Nýjasta útgáfa skilmála þessa er aðgengileg á vefsíðu Pay (www.siminnpay.is) og í gegnum Appið.

Breytingar á skilmálum Pay verða kynntar notendum með skriflegum hætti, svo sem með skilaboðum í gegnum Appið eða tölvupósti.

Samþykki notandi ekki breytta skilmála Pay getur notandi ekki lengur nýtt sér lausnina eftir að breyttir skilmálar taka gildi og verður aðgangi hans þá sjálfkrafa læst og aðgangi hans eytt að einum mánuði liðnum.

10. Framsal

Símanum Pay er heimilt að framselja, að hluta eða öllu leyti, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum með tilkynningu til notanda en notanda er það óheimilt án samþykkis Símans Pay. Þá er Símanum Pay heimilt að útvista verkefnum í tengslum við samning þennan, að hluta eða öllu leyti, til þriðja aðila, í samræmi við heimildir laga.

11. Samskipti við notanda

Síminn Pay áskilur sér rétt til að senda notanda skilaboð sem tengjast notkun eða virkni Pay, svo sem með því að senda tölvupóst, SMS eða skilaboð í gegnum Appið.

Síminn Pay áskilur sér jafnframt rétt til að óska eftir samþykki notanda til að senda honum markaðsskilaboð, þ.á m. frá þriðja aðila. Unnt er að afturkalla slíkt samþykki hvenær sem er.

12. Ábendingar og kvartanir

Óski notandi þess að koma á framfæri ábendingu eða kvörtun vegna Pay er unnt að hafa samband í Netspjallið á siminn.is eða með því að hafa samband í síma 800-7000.

12.1. Ágreiningsmál milli notanda

Komi upp ágreiningur milli notanda Pay, hvort sem er í samskiptum milli þeirra eða viðskiptum sem tengjast notkun á Pay, ber notendum að reyna ná sátt sín á milli.

Við berum enga ábyrgð á ágreiningi milli notanda Pay og verður ekki milligönguaðili vegna slíks ágreinings.

12.2. Ágreiningur milli notanda og söluaðila/færsluhirðis/kortaútgefanda

Við berum ekki ábyrgð á ágreiningi milli notanda og söluaðila og/eða þess færsluhirðis sem þjónustar viðkomandi söluaðila, sbr. einnig gr. 5.2.

Jafnframt berum við ekki ábyrgð á virkni, útgáfu eða greiðsluheimild þess greiðslukorts sem notandi Pay skráir í lausnina. Ágreining um slík atriði þarf að bera undir kortaútgefanda greiðslukortsins.

13. Annað

Við áskiljum okkur rétt til að hætta að bjóða lausnina Pay hvenær sem er án sérstakra skýringa. Komi til þess verður notendum tilkynnt um það með hæfilegum fyrirvara.

14. Lögsaga og varnarþing

Um skilmála þessa og lausnina Pay gilda íslensk lög.

Rísi ágreiningur milli notanda og Símans Pay vegna lausnarinnar Pay, sem ekki reynist unnt að leysa með farsælum hætti milli aðila, skal reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

15. Gildistími

Skilmálar þessir eru gefnir út af Símanum Pay. Skilmálarnir tóku gildi þann 22. febrúar 2018 og voru uppfærðir síðast 9. maí 2022.